

SNJÓKORN FALLA

Lag: Bob Heatle

Ljóð: Jónatan Garðarsson

Snjókorn falla, á allt og alla.
Börnin leika og skemmta sér.
Nú er árstíð kærleika og friðar.
Komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislur.
Borða góðan jólamat.
Gefa gjafir, fagna sigri ljóssins,
syngja saman, jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld.
Ég ætla að kyssa þig
undir mistiltein í kvöld
við kertaljóssins log'.

Plötur hljóma, söngvar óma,
gömlu lögin syngjum hátt.
Bara ef jólin væru aðeins lengri.
En hve gaman væri þá.